

Nr. 2022-065 S 047 Sæfari ÁR 170**Skipverji klemmist milli plógs og gálga**

Skipaskr.nr. 1964
 Útgerð: Vínslustöðin hf.
 Smíðaður: Gdansk, Póllandi, 1988/11
 Stærð: 159 BT
 Mesta lengd: 27,48 m Skráð lengd: 23,47 m
 Breidd: 6,00 m Dýpt: 5,20 m
 Vél: Caterpillar 465 kW
 Fjöldi skipverja: 8



Sæfari©Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagni í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 3. ágúst 2022 var Sæfari ÁR 170 á sæbjúgnaveiðum á Austfjarðamiðum. Veður: blíða.

Verið var að hífa inn veiðarfærið þegar í ljós kom að plógurinn var á hvolfi. Þegar verið var að snúa plógnum á rétta hlið klemmist skipverji milli plógs og gálga. Skipverjinn rifbeinbrotnaði.

Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Plógurinn kom upp á hvolfi og kom ekki alveg upp í blökk.
- Sá sem slasaðist steig í kefa á gálganum til að geta teygt sig í stert sem tengdur var í pokann á plógnum.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.